



Ytra mat

Leikskólinn Klettaborg Reykjavík

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Björk Ólafsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir
© Menntamálastofnun, 2018.
ISBN 978-9979-0-2202-2

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	8
Leikskólinn Klettaborg.	8
Starfsmenn	8
Húsnæði	8
Útileiksvæði	9
Hugmyndafræði og áherslur	9
Stjórnun	10
Stjórnskipulag	10
Námskrá og áætlanir	10
Stjórnun og starfsmenn	10
Fagleg forysta	11
Starfsandi og starfsánægja	11
Uppeldis- og menntastarf	12
Námsaðstæður	12
Starfshættir	13
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	13
Námssvið	14
Velferð og líðan barna.	15
Mat á námi og velferð barna	16
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	17
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	17
Viðhorf foreldra	18
Samstarf við grunnskóla	18
Annað samstarf	18
Skóli án aðgreiningar	19
Skólaþjónusta og sérkennsla	19
Börn með annað móðurmál en íslensku	20
Innra mat	21
Skipulag og viðfangsefni	21
Gagnaöflun og vinnubrögð	21
Opinber birting og umbætur	21
Matsþættir	23
Samantekt.	24
Lokaorð	26
Heimildir.	28

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefndar hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Stefna leikskólans er skýrt sett fram í skólanámskrá og gildin sem unnið er eftir, *virðing, gleði og öryggi* eru sýnileg í skólanum og í starfinu. Vel hefur tekist að halda í fagmenntað starfsfólk en leikskólinn uppfyllir þó ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og því þarf áfram að leita leiða til að ráða fleiri leikskólakennara til starfa. Huga þarf að endurbótum bæði á húsnaði og lóð og finna áfram leiðir til að bæta vinnuaðstæður barna og starfsmanna. Í leikskólanum hefur verið lögð ríka áhersla á að gera það besta úr þeim aðstæðum sem fyrir hendi eru.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Leikskólanum er vel stjórnað, upplýsingaflæði er gott svo og allt skipulag starfsins. Starfsmannahandbók er til fyrirmyndar og einnig móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn og hvernig markvisst er unnið eftir henni. Starfsmenn og foreldrar koma að gerð skólanámskrár og starfsáætlunar og mikill samhljómur er um stefnu skólans hjá starfsmönnum. Reglulegir samráðsfundir eru á milli leikskólastjóra og hvers deildarstjóra fyrir sig. Starfsandi er mjög góður, starfsmönnum er hrósað fyrir vel unnin störf og allir sem rætt var við voru sammála um að gleði og virðing ríki í leikskólanum. Stjórnendur mættu huga að því að fylgjast markvisst með námi og starfi í því skyni að veita starfsmönnum endurgjöf og vinna þarf símenntunar- og áfallaáætlun.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Efniviður leikskólans er áhugaverður og aðgengilegur fyrir börnin. Dagskipulag er endurskoðað reglulega miðað við þroska og þarfir barnanna og er frjálsum leik gefið gott rými í samræmi við áherslur leikskólans. Viðfangsefnin sem börnin höfðu val um voru fjölbreytileg og höfðuðu til margra áhugasviða en takmarkað svigrúm er innandyrta til að mæta hreyfipörf barna í leik. Virðing, uppbyggjandi samskipti og væntumþykja einkenna samskipti starfsfólks við börnin og markviss vinna í starfsmannahópnum til að stuðla að góðum samskiptum við börnin er til fyrirmyndar. Unnið er markvisst að flestum námssviðum leikskólans, einkum eflingu læsis og samskipta og til fyrirmyndar er hvernig unnið er með þjóðsögur og þulur. Áhersla er á að taka vel á móti börnum og kveðja í lok dags og þau eru glöð og áhugasöm og finnst gaman í leikskólanum. Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barnanna og eru unnar einstaklingsnámskrár fyrir öll börn í leikskólanum í samvinnu við foreldra. Huga má að því að gefa börnunum tækifæri til að setja sér markmið í einstaklingsnámskrá. Ferilmappa með skráningum, myndum og námssögum fylgir barninu út leikskólagönguna. Valkerfi styrkir sjálfstæði barna og lýðræðislega þátttöku en tækifæri liggja í því að að auka lýðræðislega þátttöku barna enn frekar. Auka má búnað og tæki til vísindastarfa og gera vísindum hærra undir höfði í starfi leikskólans.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi og styður vel við leikskólastarfið. Foreldraráð fundar reglulega og fundargerðir eru skráðar en þær þyrfti að setja á heimasíðu svo þær séu aðgengilegar foreldrum. Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin með vikulegum póstum og í daglegum samskiptum og gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir foreldra. Huga mætti að því að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum. Foreldrar eru ánægðir með leikskólann, það starf sem þar fer fram og samskipti við stjórnendur og starfsmenn. Skipulega er staðið að samstarfi við Hamraskóla um aðlögun barna á milli skólastiga og taka foreldrar þátt í skilafundi til skóla.

Skóli án aðgreiningar

Sérkennslustjóri starfar á Klettaborg. Gott samstarf er við sérfræðinga á þjónustumiðstöð og samráðsfundir eru haldnir reglulega. Farið er eftir ákveðnu verklagi þegar grunur vaknar um frávík barna og gera mætti verklagið aðgengilegt á heimasíðu til upplýsinga fyrir foreldra. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með skilgreindan stuðning og lögð áhersla á að stuðningur við börn fari sem mest fram í daglegu starfi og leik. Stutt er við börn með annað móðurmál en íslensku með ýmsum hætti og boðið er upp á túlkþjónustu á fundum og í samskiptum við foreldra af erlendum uppruna.

Innra mat

Innra mat leikskólans er kerfisbundið með áætlunum, það er samofið daglegu skólastarfi og fjölbreyttra gagna er aflað. Matsteymi sér um matið í leikskólanum og allir starfsmenn eru virkjaðir til þátttöku í daglegu starfi og í umræðum um þróun og umbætur. Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf og umbótaáætlun sett fram í starfsáætlun. Matsáætlun til lengri tíma mætti vera skýrari og nákvæmari og meta þarf markmið skólanámskrár markvisst og tilgreina viðmið um gæði og árangur. Foreldraráð kemur að innra mati en gefa ætti foreldrum færi á að hafa aðkomu að því að ákveða áherslur í innra mati, t.d. með því að eiga fulltrúa í matsteyminu.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Klettaborg. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Björk Ólafsdóttur og Sigríði Sigurðardóttur og fór fram á vettvangi 19.-22. febrúar 2018. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðipjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 17. janúar á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn dvöldu fjóra daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, leikskólakennara, starfsmenn, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra og haft var samband við skrifstofustjóra leikskólahluta fagskrifstofu Skóla- og frístudasviðs Reykjavíkur. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.³ Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra og skrifstofustjóra leikskólahluta fagskrifstofu Skóla- og frístudasviðs til yfirlestrar.

1 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

2 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbóta- og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

3 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Klettaborg

Leikskólinn Klettaborg er fjögurra deilda leikskóli sem stendur við Dyrhamra í Grafarvogi. Leikskólinn tók til starfa árið 1990 sem þriggja deilda leikskóli en byggt var við skólann árið 2004 og fjórðu deildinni bætt við. Deildir leikskólans heita Fálkaklettur, Arnarklettur, Hrafnaklettur og Kríuklettur og er aldursblöndun á milli deilda eftir aðstæðum hverju sinni. Á Kríukletti eru börn fædd 2014, 2015 og 2016 og á Hrafnakletti eru börn sem fædd eru árin 2014 og 2015. Á Fálkakletti eru börn sem fædd eru 2013 og á Arnarkletti eru börn fædd 2012 og þar er einnig lítill hópur barna sem fæddust 2014.

Í leikskólanum dvelja 79 börn á aldrinum eins til sex ára, 34 stúlkur og 45 drengir. Sex börn eru með skilgreinda sérkennslu í leikskólanum. Átta börn eiga annað móðurmál en íslensku og á heimilum sjö barna til viðbótar eru fleiri tungumál töluð en íslenska. Leikskólinn er opinn frá klukkan 7:30 til 17:00.

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 22 starfsmenn í 19,97 stöðugildum, tveir karlar og 20 konur. Stöðugildi við stjórnun eru 5,81 og aðstoðarleikskólastjóri er í 30% starfshlutfalli sem stjórnandi. Leikskólastjórnendur eru báðir leikskólakennarar og að auki starfa sjö leikskólakennarar við skólann en einn af þeim er menntaður á Spáni og er ekki með leyfisbréf hér á landi. Sérkennslustjóri er þroskafjálfi að mennt og einnig starfa þrír grunnskólakennarar á Klettaborg. Einn leikskólaliði starfar í leikskólanum og tveir starfsmenn eru í leikskólaliðanámi.

Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara.

Að sögn leikskólastjóra hefur verið stöðugleiki í hópi fagmenntaðra starfsmanna en starfsmannaveltan er meiri hjá leiðbeinendum. Níu af 20 starfsmönnum hafa starfað við leikskólann í meira en 10 ár en sjö í eitt ár eða skemur.

Húsnæði

Húsnæði skólans var upphaflega byggt fyrir þrjár deildir en sú fjórða bættist við þegar byggt var við eins og áður segir. Yngsta deildin er í viðbyggingunni og gengið er í hana út frá aðalinngangi en í hinar deildirnar er gengið inn úr miðrými, sem kallast Glymur. Þaðan er einnig gengið inn í litla listasmiðju. Hluti barna á eldri deildum borða í Glym. Á litlum gangi út frá miðrými er móttökueldhús, setustofa starfsmanna, skrifstofa aðstoðarleikskólastjóra, sérkennsluherbergi og eitt starfsmannasalerni. Hver deild skiptist í tvö herbergi og salernisaðstöðu fyrir börnin. Eitt lítið fundarherbergi er í leikskólanum sem er einnig nýtt sem vinnuaðstaða starfsmanna. Skrifstofa leikskólastjóra er við aðalinngang og þar beint á móti er salerni fyrir börn og gesti. Í vettvangsathugunum sást að mikið er lagt upp úr fallegu og vistlegu umhverfi.

Húsnæði leikskólans uppfyllir í meginatriðum lágmarksaðstöðu samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla en húsnæðið setur starfinu vissulega skorður þar sem þrengsli eru mikil. Aðstaða til hreyfileikja inni er takmörkuð og það sama má segja um aðstöðu fyrir börnin til að vera í ró og næði. Vinnuaðstaða fyrir starfsfólk til undirbúnings, samráðs, funda og sérkennslu er þröng, og setustofa starfsfólks er lítil. Einungis eitt salerni er fyrir starfsmenn. Unnið hefur verið að bættri hljóðvist en fram kom í viðtölum og rýnihópum að þar er enn verk að vinna.⁴

4 Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

Í rýnihópum leikskólakennara og í viðtali við aðstoðarleikskólastjóra kom fram að leikskólinn er í raun sprunginn og rýmið þolir varla þann fjölda barna sem þar dvelja. Jafnframt kom fram að börnunum er markvisst skipt í hópa og dreift á rýmið til að minnka álag og hávaða. Í rýnihópi foreldra kom fram að áriðandi væri að bæta viðhald húsnæðis.

Í öllum rýnihópum og viðtölum kom fram að mikil áhersla er lögð á að gera það besta úr þeim aðstæðum sem leikskólinn býr við og foreldrum í rýnihópi fannst jákvæðni í oft erfiðum aðstæðum vera áberandi, málin væru alltaf leyst.

Útileiksvæði

Útileiksvæði skólans er nokkuð stórt en í viðtölum og rýnihópum kom fram að tími er kominn til þess að taka það í gegn.⁵ Þegar matsmenn voru á vettvangi var snjór og klaki yfir og þegar hlýnaði myndaðist hálka og bleyta á lóðinni og suma daga var ekki hægt að láta börnin fara út. Fram kom í viðtölum og rýnihópum að algengt er að slíkt gerist og að stundum er ekki hægt að fara út í marga daga út af stórum pollum sem jafnvel hefur þurft að dæla burtu.⁶

Hugmyndafræði og áherslur

Í skólanámskrá segir að stefna Klettaborgar sé að „vera með metnaðarfullt starf sem eflir og styrkir sjálfsmynd barna sem birtist í góðu sjálfstrausti og þróun sjálfsaga.“ Áhersla er lögð á frjótt og gott málumhverfi þar sem þau gildi sem mótuð hafa verið, *virðing, gleði og öryggi* eru ríkjandi. Byggt er á hugmyndafræði John Dewey um að börn læri í gegnum leikinn.

Á vettvangi sást að stefna skólans og gildi voru sýnileg í umhverfinu og í starfi með börnunum. Þátttakendur í öllum viðtölum og rýnihópum töldu stefnu leikskólans og gildi sýnileg í starfinu og 98% þátttakenda í könnun til foreldra á vegum Reykjavíkurborgar vorið 2017 töldu sig þekkja stefnu og gildi leikskólans og 97% töldu unnið markvisst með stefnu og markmið.

Styrkleikar

- Stefna skólans er skýrt sett fram í skólanámskrá.
- Gildin *virðing, gleði og öryggi* eru mjög sýnileg í leikskólanum og í starfinu.
- Vel hefur tekist að halda í fagmenntað starfsfólk.
- Mikill samtakamáttur um að gera það besta úr þeim aðstæðum sem eru fyrir hendi.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Huga að aðstöðu fyrir börn til að vera í ró og næði.
- Huga þarf að endurbótum og viðhaldi á húsi og lóð.
- Leita áfram leiða til að bæta vinnuaðstæður barna og starfsmanna.
- Skoða hvort ástæða sé til að fækka börnum.

5 Rýnihópar deildarstjóra, starfsmanna og foreldra og viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

6 Rýnihópur deildarstjóra og viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Stjórnun

Stjórnskipulag

Rekstraraðili leikskólans Klettaborgar er Reykjavíkurborg, sem rekur 62 leikskóla í borginni. Skóla- og frístundaráð starfar í umboði borgarráðs og fer með verkefni nefndar, sem kjörin er af sveitarstjórn, samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Ráðið mótar stefnu í menntamálum og hefur eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar sé fylgt og fylgist með gæðum skólafarfa. Skóla- og frístundasvið heyrir undir ráðið og er sviðsstjóri yfirmaður þess. Undir honum starfar skrifstofustjóri leikskóla sem hefur yfirumsjón með faglegu starfi leikskóla í borginni. Í símtali við skrifstofustjóra kom fram að samskipti við leikskólustjóra Klettaborgar eru góð. Nefndi hann að í Klettaborg hefði verið mikill stöðugleiki og traust stjórnun til margra ára og að kannanir Skóla- og frístundasviðs leiddu í ljós ánægju, bæði foreldra og starfsmanna, með leikskólann.

Skólaþjónusta við leikskóla í Reykjavík hefur frá árinu 2016 verið á fimm þjónustumiðstöðvum í borginni. Skólaþjónustan er veitt á grundvelli þjónustusamnings milli skóla- og frístundasviðs annars vegar og velferðarsviðs hins vegar. Leikskólinn Klettaborg fær skólaþjónustu frá þjónustumiðstöðinni Miðgarði í Grafarvogi.

Skóla- og frístundasvið hefur mótað stefnu og starfsáætlun fyrir árið 2017 sem gildir fyrir allar undirstofnanir sviðsins. Þar koma fram fjórir meginþættir sem lögð er áhersla á í starfsemi sviðsins: (1) Málþroski, lestrarfærni og lesskilningur, (2) verk-, tækni- og listnám, (3) lýðræði, jafnrétti og mannréttindi og (4) fjölmening. Gert er ráð fyrir að hver starfsstaður setji sér markmið sem byggja á þessum þáttum og marki sér sérstöðu með áherslu á ákveðna stefnu eða þætti í starfi.

Skipurit fyrir leikskólann liggur fyrir.

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá Klettaborgar kom út árið 2015. Hún uppfyllir að flestu leyti þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá árinu 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Ekki er þó gerð grein fyrir skipulagi skólaþjónustu og hvernig unnið er með hæfnipætti í samræmi við aldur og þroska barna. Upplýsingar sem fylgja barni þegar það fylst á milli leik- og grunnskóla eru ekki heldur tilgreindar í skólanámskrá.

Í viðtölum og rýnihópum kom fram að námskráin var unnin af stjórnendum og starfsfólki og að foreldrar hafi að einhverju leyti komið að gerð hennar og einnig var leitað eftir hugmyndum barna.⁷ Skólanámskrá er lögð fyrir foreldraráð til umsagnar.

Starfsáætlun 2017-2018 er aðgengileg á heimasíðu skólans og í henni eru þær upplýsingar sem aðalnámskrá gerir ráð fyrir. Leikskólustjóri leiðir gerð starfsáætlunar en allir starfsmenn koma að gerð hennar, m.a. í gegnum innra matið.⁸ Áætlunin er borin undir foreldraráð til umsagnar.

Starfsmannahandbók er til í leikskólanum og er hún einstaklega vel unnin og því dæmi um fyrirmyndarverklag. Foreldrahandbók er einnig til og birtist á heimasíðu. Verklagsreglur um viðbrögð við slysum liggja fyrir og eru aðgengilegar og það sama má segja um öryggis- og rýmingaráætlun. Unnið er eftir sérstakri áætlun um upphaf leikskólagöngu barna. Ekkert áfallateymi er í leikskólanum en stjórnendur hafa tekið hlutverk slíks teymis að sér og unnið er eftir ákveðnu vinnulagi en ekki er um sérstaka áætlun að ræða.

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnun leikskólans er í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 um viðurkennda starfshætti. Leikskólustjóri hefur unnið við skólann frá því 1994 og aðstoðarleikskólustjóri frá því að skólinn opnaði.

Í stjórnendateymi eru leikskólustjóri, aðstoðarleikskólustjóri og deildarstjórar og að auki situr sérkennslustjóri fundi einu sinni í mánuði. Teymið skiptir með sér verkum og fundar einu sinni í viku þar sem farið er yfir starfið hverju sinni. Tvisvar á ári eru lengri fundir og þá er farið yfir innra mat og önnur stærri verkefni. Stjórnendafundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar og eru þær

⁷ Viðtal við leikskólustjóra, rýnihópur leikskólakennara og starfsmanna.

⁸ Rýnihópur leikskólakennara og viðtal við leikskólustjóra.

aðgengilegar á deildum. Deildarfundir eru haldnir aðra hverja viku og í rýnihópi deildarstjóra kom fram að þeir falla sjaldan niður. Fundargerðir eru ritaðar og einnig er sérstakt skráningarblað fyrir umræðuefni inni á deildum þannig að allir geti komið fram með óskir. Í rýnihópum kom fram að deildarfundirnir eru gagnlegir. Í öllum rýnihópum og viðtölum kom fram að undirbúningstímar eru á ábyrgð deildarstjóra og að í vetur hafi starfsfólk yfirleitt komist í undirbúning.

Skipulagsdagar eru sex á ári en einum þeirra er skipt í þrennt þar sem tvisvar er fundað frá klukkan átta til tíu á morgnana og einu sinni eftir hádegisdag. Einn af skipulagsdögum er kallaður þekkingardagur þar sem starfsmenn fara og heimsækja aðra leikskóla til að sjá eitthvað fyrirfram ákveðið í framkvæmd. Starfsmannafundir eru haldnir á skipulagsdögum. Að auki eru tveir fundir eftir klukkan fimm á daginn sem hafa verið notaðir til að ræða menntastefnu Reykjavíkurborgar að sögn leikskólastjóra í viðtali. Einnig kom fram að dagskrá er send fyrir fundina og gerð samantekt eftir daginn. Þrír af skipulagsdögum eru sameiginlegir fyrir Grafarvog.

Við ráðningu nýrra starfsmanna er lögum fylgt og til fyrirmyndar er virk móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn. Ef upp koma ágreiningsmál í starfsmannahópnum er farið eftir ákveðnu ferli en það ferli er ekki skráð. Nýir starfsmenn undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu og beðið er um sakavottorð áður en ráðning fer fram. Gætt er að góðri skjalastjórnun og eru perónuupplýsingar varðveittar í læstum hirslum og skrá.

Stjórnun kom vel út í starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar sem lögð var fyrir vorið 2018. Góð stjórnun og gott skipulag var gjarnan nefnt sem einn af styrkleikum í starfinu í viðtölum og rýnihópum og það sást einnig á vettvangi.

Fagleg forysta

Leikskólastjóri segir aðspurður í viðtali telja sig heiðarlegan stjórnanda með skýra sýn á velferð barna. Fram kom í öllum viðtölum og rýnihópum að stjórnendur eru aðgengilegir og sýnilegir í starfi og börn í rýnihópi þekktu leikskólastjórnann. 98% þátttakenda í könnun Reykjavíkurborgar til foreldra vorið 2017 töldu stjórnendur leggja sig fram við að vera sýnilegir í daglegu starfi. Aðstoðarleikskólastjóri er mikið inni á deildum og í viðtali kom fram að hann leiðsegir starfsfólki ef þarf. Leikskólastjóri sagðist í viðtali hafa góða yfirsýn yfir starfið en fer ekki markvisst inn á deildar til að fylgjast með og veita endurgjöf. Í öllum viðtölum og rýnihópum kom fram að starfsfólk fær hvatningu og hrós og telur starf sitt metið að verðleikum.

Þáttakendur í viðtölum og rýnihópum þekktu stefnu skólans og þar var mikill samhljómur. Einnig kom fram að starfsfólk er hvatt til símenntunar. Stjórnendur sögðu að ekki væri unnin sérstök símenntunaráætlun þar sem erfitt væri að vita hvaða námskeið yrðu í boði en starfsfólk væri sent á viðeigandi námskeið þegar verið væri að innleiða eitthvað nýtt. Starfsþróunarviðtöl eru einu sinni á ári fyrir alla starfsmenn og þáttakendur í rýnihópum töldu þau gagnleg.⁹ Leikskólastjóri tekur að auki samráðsviðtöl við alla deildarstjóra átta sinnum á ári þar sem farið er yfir deildarstarfið. Þegar starfsmaður hættir á leikskólanum fer hann í starfslokasamtal og fram kom í viðtali við leikskólastjóra að þau viðtöl væru gagnleg og oft kæmu þar fram gagnlegar ábendingar en jafnframt hrós.

Upplýsingum innanhúss er m.a. miðlað á reglulegum fundum, með vikufréttabréfum sem ætluð eru foreldrum, en þau eru einnig send á alla starfsmenn, og á upplýsingatöflu. Í öllum viðtölum og rýnihópum kom fram að fólk er ánægt með upplýsingaflæðið.

Starfsandi og starfsánægja

Í öllum viðtölum og rýnihópum kom fram að starfsandi er afar góður og að fólk er almennt ánægt í vinnunni. Mikill samhljómur var í rýnihópum og viðtölum þar sem fram kom að gleði, virðing og jafnrétti einkenndu starfið í leikskólanum og að fólki liði vel í vinnunni.

Í öllum viðtölum og rýnihópum kom fram að faglegur metnaður einkennir starfið í leikskólanum og að lausnamiðað viðhorf er ríkjandi. Deildarstjórnir í rýnihópi töldu að þrátt fyrir að margir starfsmenn

9 Rýnihópar starfsmanna, leikskólakennara og deildarstjóra.

hafi starfað lengi við skólann sé viljinn til breyta og bæta enn fyrir hendi. Ýmislegt er gert til að halda starfsfólki saman og má þar nefna sameiginlegt grill, vorferð og jólagleði.¹⁰

Í starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar vorið 2018 komu starfsandi og starfsánægja vel út.

Styrkleikar

- Styrk stjórnun og gott skipulag.
- Starfsmenn og foreldrar koma að gerð skólanámskrár og starfsáætlunar.
- Starfsmenn þekkja stefnu skólans og mikill samhljómur var um hana í viðtölum og rýnihópum.
- Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn er virk og henni fylgt eftir svo til fyrirmyndar er.
- Handbók starfsmanna er til fyrirmyndar.
- Upplýsingaflæði innan leikskólans er mjög gott.
- Starfslokasamtöl eru tekin við þá sem hætta í starfi þar sem dregnir eru fram styrkleikar og tækifæri til umbóta.
- Reglulegir samráðsfundir leikskólastjóra og hvers deildarstjóra.
- Starfsmönnum er hrósað fyrir vel unnin störf.
- Starfsandi er mjög góður og mikill samhljómur um að gleði og virðing sé ríkjandi.

Tækifæri til umbóta

- Í skólanámskrá má gera betur grein fyrir skipulagi skólaþjónustu, hvernig unnið er með hæfniþætti í samræmi við aldur og þroska barna og tilgreina hvað upplýsingar fylgja barni þegar það flyst á milli leik- og grunnskóla.
- Vinna áfallaáætlun og setja saman áfallateymi.
- Skrá viðbrögð við ágreiningi í starfsmannahópnum.
- Setja fram símenntunaráætlun í samræmi við stefnu og þarfir leikskólans.
- Stjórnendur hugi að því að fylgjast markvisst með námi og starfi í leikskólanum í þeim tilgangi að gefa starfsfólki endurgjöf.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum að því frátöldu sem nefnt var að framan að rýmið er lítið miðað við fjölda barna og aðstöðu vantar til hreyfileikja og til að vera í ró og næði. Möguleikar húsnæðis og útileiksvæðis til leiks og náms eru vel nýttir og nærumhverfi leikskólans er reglulega notað til vettvangsferða og útináms. Leikfangakostur innanhúss er fjölbreyttur og virðist höfða vel til áhugasviða barnanna. Á öllum deildum er leikfangakostur, efniviður til sköpunar og bækur sýnilegar og aðgengilegar börnunum. Einingakubbar eru á sameiginlegu svæði í miðrými leikskólans. Þar er einnig bóka- og spilasaftn og leikfangabanki er í litlu herbergi inn af miðrými. Úr miðrými er einnig gengið í listaskála þar sem er mikið af efni til listsköpunar, bæði nýju og endurnýttu. Í rýnihópi barna kom fram að þau eru ánægð með leikefnið og nefndu sérstaklega að þau væru ánægð með playmóíð sem þau voru ný búin að fá.

Sameiginlegt skipulag er á Klettaborg um helstu verkefni ársins.¹¹ Á haustin vinna yngri deildir saman og eldri deildir saman að áhersluþáttum. Haustið 2017 unnu yngri deildirnar tvær sérstaklega með

¹⁰ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

viðfangsefnið heilbrigði og vellíðan. Á Krúkletti, sem er yngsta deildin, er áhersla á könnunarleikinn og á Hrafnakletti, sem er næstýngsta deildin er áhersla á einingakubba. Á eldri deildunum tveimur, Fálkakletti og Arnarkletti, var haustið 2017 unnið með hópefli, vináttu, samskipti og hjálpssemi og einnig var lögð áhersla á meiri útikennslu.¹² Könnunaraðferðin var leiðandi í vinnu með eldri börnunum auk þess sem elstu börnin, sem eru á síðasta ári í leikskólanum, byrjuðu að vinna að borgarverkefni sem þau vinna að til vors.¹³ Allar deildir vinna með árstíðirnar og einnig er unnið markvisst með litina og hverjum lit er tileinkuð ein vika yfir veturinn þar sem unnið er sérstaklega með þann lit. Eftir áramót er tekin fyrir ein þjóðsaga og unnið markvisst með hana á öllum deildum. Þegar matið fór fram, vorið 2018, var verið að vinna með söguna um Fóu og Fóu feykirófu.

Dagskipulag deilda er unnið út frá sameiginlegum grunni en tímasetningar geta verið breytilegar eftir deildum og eru þær aðlagðar eftir barnahópnum og endurskoðaðar reglulega. Dagurinn skiptist í frjálsan leik, samveru, vinnustundir og útivist. Útivera er alla daga fyrir eða eftir hádegi, mismunandi eftir deildum. Flæði er notað í frjálsum leik og vinnustundum og eru alltaf nokkur viðfangsefni í boði hverju sinni sem börnin hafa val um. Til að auðvelda börnunum valið eru notaðar körfur með myndum af viðfangsefnunum sem þau setja spjaldið sitt í og þar sjá þau líka hvort hægt sé að bætast í hópinn. Lögð er áhersla á að börnin fái góðan samfelldan tíma til að þróa leik sinn. Einu sinni í viku hittast börnin af öllum deildum í svokallaðri vinastund þar sem sungið er saman. Deildirnar skiptast á að vera með uppákomur í vinastund aðra hverja viku. Vikulega er einnig boðið upp á heimsóknir á milli þriggja eldri deildanna en þá geta tvö börn af hverri deild valið að fara í heimsókn á aðra deild. Flæði er notað í morgunmat og nónhressingu hjá eldri deildum, þá er matartíminn skipulagður í 35-45 mínútur og börnin taka sér hlé frá leik til að borða innan þeirra tímamarka. Í hádeginu borða hins vegar allir á deild á sama tíma.

Starfshættir

Í stefnu leikskólans og gildum hans kemur fram að áhersla er lögð á að gleði, virðing og öryggi séu ríkjandi í samskiptum og umhverfi barnanna.¹⁴ Byggt er á fjórum áherslum í samskiptum við börnin og er unnið sérstaklega með hverja áherslu í tvær vikur í senn. Ein áhersla tekur við af annarri og þær eru látnar rúlla til skiptis yfir allan veturinn. Fyrsta áherslan er að lækka röddina og setja gleðitón í hana. Önnur áherslan er að beygja sig í hnjúnum og ná augnsambandi við barnið. Þriðja áherslan er að ganga til barnanna og veita snertingu. Fjórdá áherslan er að nota hvatningarsamskipti. Unnið hefur verið með þessar áherslur í mörg ár og á vettvangi sáu matsmenn að starfsfólk mætti börnunum af virðingu og samskipti voru jákvæð og uppbyggileg. Tvisvar á ári gerir starfsfólk skráningar um samskipti sín við börnin sem eru teknar saman og ræddar á deildarfundum. Matsaðilar meta þessa markvissu vinnu með samskipti við börn til fyrirmyndar. Í öllum rýnihópum starfsmanna var virðing fyrir börnum, góð samskipti og væntumþykja nefnd sem einn af helstu styrkleikum leikskólans. Foreldrar í rýnihópi nefndu einnig gott viðhorf starfsmanna til barna, jákvæðni, gleði og traust sem styrkleika. Í fyrrnefndri könnun Reykjavíkurborgar til foreldra vorið 2017 kom fram að allir foreldrar (100%) voru sammála að starfsfólkið þekki þarfir barnsins og styðji það, 94% voru sammála að áhersla væri á að efla sjálfstraust barnsins í leikskólastarfinu og 96% voru sammála að barnið þeirra væri öruggt í leikskólanum.

Í rýnihópum kom fram að samstarf á deildum er gott og vel er tekið í allar hugmyndir.¹⁵ Á vettvangi var samstarf og samábyrgð starfsmanna á deildum sýnileg. Samstarf á milli deilda er einnig gott en fram kom í rýnihópi að meira samstarf væri á milli yngri deildanna tveggja en eldri deildanna og var bent á að samstarf eldri deilda í vinnu með börnum mætti auka.¹⁶ Starfsmenn miðla hugmyndum sín á milli og starfsmannahópurinn er samstilltur.¹⁷

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í skólanámskrá Klettaborgar er lögð áhersla á barnalýðræði og að börnin séu þátttakendur í að skipuleggja og móta starfið frá degi til dags. Í rýnihópum og viðtölum kom fram að börnin koma ekki beint að skipulagi leikskólastarfsins og koma almennt ekki að ákvörðun um hvaða viðfangsefni eru í boði í vali eða í skipulögðum stundum.¹⁸ Þegar þau koma með óskir um viðfangsefni er samt sem áður reynt

11 Starfsáætlun Klettaborgar 2017-2018.

12 Rýnihópur leikskólakennara.

13 Starfsáætlun Klettaborgar 2017-2018.

14 Starfsáætlun Klettaborgar 2017-2018.

15 Rýnihópur leikskólakennara og starfsmanna.

16 Rýnihópur leikskólakennara.

17 Rýnihópur deildarstjóra og leikskólakennara.

að koma til móts við þær. Lýðræði barna birtist fyrst og fremst í að þau fá að velja sér viðfangsefni, við hverja þau leika og þau mega skipta um viðfangsefni þegar þau vilja en þurfa að sýna ákveðna þrautseigju. Ef upp kemur áhugasvið barna er reynt að grípa það og vinna með það. Í rýnihópi barna sögðust börnin hafa val um viðfangsefni og þau mættu skipta um þegar þau vildu en þau sögðu jafnframt: „Við þurfum að leika okkur dálítið lengi, við megum ekki skipta strax“.¹⁹ Með fljótandi matartíma hjá eldri börnum er reynt að koma til móts við mismunandi þarfir barnanna og tekið er tillit til ef þau vilja ekki borða ákveðinn mat þó þau þurfi að smakka. Börnin svöruðu aðspurð að þau fái ekki að ráða hvað er í matinn.²⁰ Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra koma börnin ekki að matseðlagerð þar sem maturinn kemur frá veitingaþjónustu ISS.

Klettaborg hefur sett sér jafnréttisáætlun og er unnið að því að auka vitund starfsmanna um jafnrétti með því að yfirfara bækur sem lesnar eru fyrir börnin með „kynjagleraugum“.²¹ Við þá yfirferð er stuðst við Bechdel prófið sem var hannað til að skoða stöðu kvenna í bíómyndum. Meira er unnið með þetta á eldri deildum en yngri. Mat á bókum á grunni Bechdels prófsins var sýnilegt í bókaormum á veggjum deilda. Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu. Börnin eru hvött til sjálfs-hjálp og daglegar athafnir eru nýttar til náms og samskipta. Börnin eru hvött til að deila reynslu sinni og hugmyndum bæði í samverustundum og í matartímum.²² Á vettvangi sáu matsmenn að starfsfólk er tilbúið að hlusta á börnin og ræða við þau.

Námssvið

Í skólanámskrá leikskólans er fjallað um hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámskrár: *Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning*.

Unnið er markvisst að námssviðinu læsi og samskipti í Klettaborg. Leikskólinn hefur sett sér læsisáætlun, sem byggir á læsisstefnu leikskóla Reykjavíkurborgar: *Lesið í leik*. Að nota tungumálið er rauður þráður í starfi Klettaborgar og lögð áhersla á að börnin geti sagt frá löngunum sínum og hugsunum.²³ Unnið er að eflingu orðaforða og málskilnings með því að setja orð á aðstæður og athafnir.²⁴ Ritmál er sýnilegt í leikskólanum og bækur eru aðgengilegar börnunum. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að mikið er lesið fyrir börnin í leikskólanum, bæði í samverustundum og hvíld. Á elstu deild eru lestrarhópar þar sem reynt er að skipta í hópa eftir getu svo allir fái lestur við hæfi. Lestur bóka er skráður á eyðublöð sem eru hengd upp í svokallaða lestrarorma á deildum. Stuttu áður en matsmenn voru á vettvangi hafði farið fram átak um að hvetja til heimalestrar á elstu deild leikskólans og voru foreldrar hvattir til skrá heimalestur á eyðublöð sem síðan voru sett í lestrarorminn. Skipulögð vinna er með námsefnið *Lubbi finnur málbein* á eldri deildum. Seinni hluta vetrar á hverju ári er unnið markvisst með eina þjóðsögu á öllum deildum og eru gerðar teikningar og skráningar tengdar þeim. Á deildum mátti víða sjá setningar úr þjóðsögunni Fóa og Fóa feykirófa á veggjum. Á öllum deildum er að auki unnið með eina þulu í hverjum mánuði og læra öll börn nokkrar þulur yfir veturinn. Vinna með þjóðsögur og þulur er til fyrirmyndar. Unnið er að umhverfislæsi með vettvangsferðum og útikennslu. Mikil er lagt upp úr jákvæðum og glaðlegum samskiptum í starfi leikskólans og eins og fyrr segir er í hverri viku unnið út frá sérstakri áherslu í samskiptum við börnin. Verið er að undirbúa innleiðingu á verkefninu *Vínáttu* sem þróað hefur verið á vegum Barnaheilla.

Heilbrigði og vellíðan barnanna er styrkt með ýmsum hætti, bæði í skipulögðu starfi og frjálsum leik. Veturinn 2017-2018 hófst innleiðing á verkefninu *Heilsueflandi leikskóli* sem er á vegum Embættis landlæknis og er ætlað að styðja leikskóla í vinnu með heilsueflingu þannig að hún verði hluti af daglegu starfi leikskólans. Hreyfing fer meðal annars fram í útiveru, í vettvangsferðum og útikennslu þar sem lítil aðstaða er til hreyfingar innan húss. Daglega er farið út ef veður leyfir og börnin á elstu deildunum tveimur fara einu sinni í viku í útikennslu. Öll börn fara í hvíld á hverjum degi. Jákvæð og glaðleg samskipti stuðla að vellíðan barna og starfsmanna.

18 Rýnihópur leikskólakennara og deildarstjóra, viðtöl við stjórnendur.

19 Rýnihópur barna.

20 Rýnihópur barna.

21 Rýnihópur deildarstjóra.

22 Rýnihópur leikskólakennara.

23 Rýnihópur starfsmanna.

24 Læsisstefna Klettaborgar.

Í tengslum við námssviðið sjálfbærni er unnið er að því að innleiða verkefnið *Græn skref* í leikskólanum og kynnast börnin m.a. flokkun á sorpi, endurvinnslu og endurnýtingu efniviðar sem hluta af því verkefni. Elstu börnin fara árlega í heimsókn í Sorpu auk þess sem þau gróðursetja hvert sitt tré í leikskólagarðinum og skilja þannig eftir sig varanleg spor í leikskólanum.²⁵ Á öllum deildum skiptast börnin á um að vera veðurfræðingar og er það gert til að efla veðurlæsi barnanna. Vísindastarf var lítið sýnilegt í leikskólanum þá daga sem matsaðilar dvöldu á vettvangi og ekki var að sjá tæki og tól til vísindastarfa fyrir utan að ljósaborð er á næstelstu deild og einingakubbar eru í sameiginlegu rými. Í viðtali kom fram að helst sé unnið með tilraunir og vísindi á elstu deild²⁶ og á yngstu deildinni er unnið með könnunarleikinn.

Unnið er að sköpun og menningu meðal annars með framangreindum verkefnum í tengslum við þjóðsögur og þulur. Góð aðstaða er til myndsköpunar í Klettaborg og er hún ríkur þáttur í daglegu starfi barnanna. Í leikskólanum starfar myndlistakennari sem vinnur með börnum af öllum deildum í lista-skála. Á vettvangi sáu matsmenn unnið að listsköpun í tengslum við þjóðsöguverkefni, litaviku og mæðrakaffi. Farið er í heimsókn á söfn og tekið þátt í Barnamenningarhátíð Reykjavíkur. Árlega stendur foreldrafélagið fyrir danskennslu og einnig hefur verið boðið upp á leiksýningu eða brúðusýningu í leikskólanum einu sinni á ári. Ýmsar upptökur eru í Klettaborg sem taka mið af menningu landsins svo sem jólaball, þorablót, öskudagsskemmtun, 17. júní ferð á Austurvöll, morgunmatur fyrir feður (eða staðgengla þeirra) á bóndadag og morgunmatur fyrir mæður (eða staðgengla þeirra) á konudag. Í daglegum samverustundum eru sagðar sögur, sungið og börnin eru hvött til að segja frá. Í vikulegum vinastundum er sungið og unnið með tónlist. Kassar með hljóðfærum eru á öllum deildum og safn hljóðfæra er í miðrými.

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft á Klettaborg er afslappað og gott og einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti á milli aðila. Í leikskólanum er sem fyrr segir mikið lagt upp úr jákvæðum og góðum samskiptum og að taka vel á móti og kveðja hvert og eitt barn. Lögð er áhersla á að allir starfsmenn leikskólans heilsa öllum börnum og foreldrum og kveðji hvort sem þau eru á þeirra deild eða ekki. Í vettvangsat-hugunum sáu matsmenn sjálfstæð, glöð og starfsöm börn og uppbyggileg samskipti starfsmanna við þau. Almennt voru góð samskipti innan barnahópsins og ekki sjáanlegir árekstrar á milli barnanna.

Foreldrakönnun Reykjavíkurborgar vorið 2017 leiddi í ljós að 96% foreldra voru sammála því að barninu þeirra líði vel í leikskólastarfinu, það eigi góða félaga og aðlagist vel í barnahópnum. Allir foreldrar (100%) voru sammála þeirri fullyrðingu að barnið tæki stöðugum framförum í leikskólanum og að viðfangsefnin væru áhugaverð. 98% foreldra sögðu að alltaf eða oftast væri vel tekið á móti barninu þegar það kæmi í leikskólann og 93% sögðu barnið alltaf eða oftast kvatt af starfsmanni þegar það er sótt. Börnin í rýnihópi sögðu að þeim þætti gaman í leikskólanum og að þeim liði vel þar. Í rýnihópi foreldra kom fram að vel er komið til móts við þarfir og áhuga barnanna og þau séu glöð að fara í leikskólann. Foreldrar sögðu að samskipti við starfsfólk væru jákvæð og góð og að börnin tali mikið um leikskólann og það sem þau eru að gera í leikskólanum heima.

Sömu reglur hafa verið í leikskólanum í mörg ár og hafa börnin ekki komið að því að ákveða þær. Reglurnar hafa ekki verið mjög sýnilegar en unnið er að því að skerpa á þeim og gera þær sýnilegri með myndrænni framsetningu. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að vinna eigi samræmdar reglur fyrir allar deildir með skýringu á bak við til stuðning fyrir leiðbeinendur. Mest hefur verið umræða með börnunum um reglur á elstu deild leikskólans og þar hafa fjórar reglur verið settar fram myndrænt. Börn í rýnihóp þekktu reglurnar vel og gátu nefnt þær. Í handbók leikskólans eru verkferlar um viðbrögð ef upp koma hegðunarfrávik hjá börnum. Verklag til að mæta krefjandi hegðun barna er ekki alveg samræmt á milli deilda en vel samræmt innan deilda og aðlagð að einstaka börnum.

²⁵ Starfsáætlun Klettaborgar 2017-2018.

²⁶ Viðtal við leikskólastjóra.

Mat á námi og velferð barna

Til að meta nám og framfarir barnanna er Íslenski þroskalistinn fylltur út fyrir næstelstu börnin í leikskólanum. Skimunarprófið HLJÓM-2, sem kannar hljóð- og málvitund, er lagt fyrir elstu börnin í september ár hvert. Gátlisti um sjálfsmynd og félagsfærni er fylltur út fyrir hvert barn í leikskólanum einu sinni til tvisvar yfir árið og eru niðurstöður ræddar í foreldraviðtölum. Í samvinnu við foreldra eru gerðar einstaklingsáætlanir fyrir hvert barn í leikskólanum sem eru endurskoðaðar í foreldraviðtölum. Í fyrrnefndri foreldrakönnun vorið 2017 kom fram að 91% foreldra í Klettaborg voru sammála því að þeir hafi tekið þátt í að meta framfarir barnsins síns. Þetta er umtalsvert yfir meðaltali (75%) þegar skoðaðar eru niðurstöður fyrir alla leikskóla borgarinnar.

Hvert barn á sína ferilmöppu þar sem sett eru ákveðin verkefni sem unnin eru yfir árið. Í ferilmöppuna fara uppeldislegar skráningar sem eru gerðar í tengslum við fasta þætti í leikskólastarfinu, s.s. endursögn á þjóðsögu og skráningar og myndir frá mömmu kaffi, pabba kaffi og ömmu og afa kaffi. Í ferilmöppuna fara einnig sjálfsmyndir barnanna, sem þau teikna tvisvar á ári, handa og fótafar, hæðarmælingar og ljósmyndir. Ferilmöppur barnanna eru aðgengilegar börnum og foreldrum til að skoða. Í rýnihópi töluðu foreldrar um að ferilmappan gæfi þeim tækifæri til að fylgjast með framförum hjá barninu. Í foreldrakönnuninni kom fram að 81% foreldra voru sammála því að þeir fái reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um framfarir barnsins.

Önnur gögn til að meta nám og framfarir barna þegar þurfa þykir eru: Málþroskaskimunin Efi-2, AAL atferlis-athugunarlisti, málþroskaprófið Orðaskil, APES matskerfið, gátlisti fyrir mál og tal og skráningarblað fyrir hegðun og atburði. Ábending kom fram í viðtali að í leikskólanum mættu vera til staðar skýrari aldurstengd hæfniviðmið til að leggja til grundvallar mati á stöðu og framförum barna.

Styrkleikar

- Umhverfi leikskólans er nýtt til útináms á eldri deildum.
- Efniviður er áhugaverður og aðgengilegur fyrir börnin.
- Dagskipulag er endurskoðað reglulega miðað við þroska og þarfir barna.
- Frjálsum leik gefið gott rými í samræmi við áherslur leikskólans.
- Virðing, uppbyggjandi samskipti og væntumþykja einkenna samskipti starfsfólks við börnin.
- Til fyrirmyndar er hvernig unnið er með áhersluþætti í samskiptum við börnin og skráningar í tengslum við það.
- Viðfangsefnin sem börnin höfðu val um voru fjölbreytileg og höfðuðu til margra áhugasviða.
- Valkerfi styrkir sjálfstæði barna og lýðræðislega þátttöku.
- Börnin voru hvött til að tjá sig og deila hugmyndum sínum.
- Ritmál er sýnilegt í umhverfinu og unnið er með læsi á markvissan og fjölbreytilegan hátt.
- Til fyrirmyndar er hvernig unnið er með þjóðsögur og þulur.
- Börnin eru glöð og áhugasöm, þau eru örugg og finnst gaman í leikskólanum.
- Áhersla er á að taka vel á móti börnum og kveðja í lok dags.
- Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barnanna.
- Einstaklingsnámskrár eru unnar fyrir öll börn í leikskólanum í samvinnu við foreldra og endurmetnar í foreldraviðtölum.
- Gerð er ferilmappa með skráningum, myndum og námssögum sem fylgir barninu út leikskólagönguna.

Tækifæri til umbóta

- Takmarkað svigrúm er innandyra til að mæta hreyfipörf barna í leik.
- Vinna að því að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag og verkefnaval.
- Auka búnað og tæki til vísindastarfa og gera vísindum hærra undir höfði í starfi leikskólans.
- Vinna áfram að því að gera reglur myndrænar á öllum deildum og huga að því að börnin séu þátttakendur í að móta reglur leikskólans þegar við á.
- Gefa börnunum tækifæri á að setja sér markmið í einstaklingsáætlun.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og í því sitja þrír fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Kosning í foreldraráð fer fram á foreldrafundi að hausti. Í fundarboði fyrir foreldrafund er auglýst eftir framboðum en foreldrar hafa verið tregir að gefa kost á sér í ráðið og því eru þeir sem gefa kost á sér yfirleitt sjálfkjörnir. Ráðið hefur sett sér starfsreglur sem birtar eru á heimasíðu leikskólans. Það fundar tvisvar á ári. Leikskólastjóri undirbýr fundi og boðar til þeirra með dagskrá. Fundargerðir foreldraráðs eru skráðar í fundargerðarbók en eru ekki aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

Foreldrafélag er starfandi og er stjórn félagsins kosin á haustfundi foreldra í leikskólanum. Foreldrafélagið styður vel við leikskólastarfið og hefur í samráði við leikskólann umsjón með árlegum viðburðum, s.s. danskennslu, jólasemmtun, að mála piparkökur, páskaeggjaleit, sveitaferð og sumarhátíð. Foreldrafélagið gefur út fréttabréf þar sem starfsemi félagsins er kynnt. Einn starfsmaður leikskólans er tengiliður við stjórn foreldrafélagsins.

Í upphafi leikskólagöngu barns eru foreldrar boðaðir í viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra. Þeir fá kynningu á starfi leikskólans og afhent gögn um aðlögun barnsins og um leikskólann.²⁷ Þátttökuaðlögun er í leikskólanum og fylgja þá foreldrar barninu sínu alveg fyrstu þrjá dagana og hluta úr fjórða degi. Foreldrar fá handbók afhenta við upphaf leikskólagöngu barnsins og einnig er foreldrahandbókin aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Premur mánuðum eftir að barnið byrjar á leikskólanum eru foreldrar boðaðir í svokallað „aðlögunarviðtal“ þar sem farið er yfir hvernig hefur gengið og gerð einstaklingsáætlun fyrir barnið.²⁸

Foreldrafundir eru haldnir á hverju hausti og eru tvær deildir saman á fundi. Foreldraviðtöl eru tvö á ári og er skýrt skipulag um hvað er rætt um í hvoru viðtali. Foreldrafundur með foreldrum elstu barna er einnig haldinn í janúar ár hvert til að ræða samstarfsverkefni grunnskólans og leikskólans um aðlögun barna á milli skólastiga. Fundurinn er haldinn í grunnskólanum og er fulltrúa frístundaheimilisins einnig boðið á fundinn. Reglulega eru haldnar uppkomur sem aðstandendum er sérstaklega boðið til og er þátttaka foreldra á viðburðum góð.²⁹

Í Klettaborg er lögð áhersla á góða upplýsingagjöf til foreldra og að þeir upplifi að þeim sé alltaf velkomið að hafa samband.³⁰ Vikulega skrifa deildarstjórar tölvupóst til foreldra þar sem farið er yfir liðna viku, starfið framundan og óskað er eftir hugmyndum foreldra. Stundum eru líka sendar myndir af börnunum til foreldra. Við hverja deild er tafla þar sem daglegar upplýsingar eru skráðar. Þrisvar sinnum á ári sendir leikskólastjóri fréttapistil til foreldra og þeir fá einnig senda styttri útgáfu af starfsáætlun.³¹ Auk þessa fá foreldrar árlega dagatal með yfirliti yfir dagsetningar á helstu viðburðum og áherslur í starfsemi deilda. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir eru mjög ánægðir með hvað þeir fá mikið af upplýsingum og finnst ekki vanta á upplýsingaflæði. Nefndu þeir upplýsingaflæði frá leikskólanum sem einn af helstu styrkleikum hans. Sérstaklega voru þeir ánægðir með föstudagspóstana og þegar þeir fá sendar myndir af börnum sínum í leikskólastarfinu. Í foreldrakönnun Reykjavíkurborgar

27 Handbók leikskólans Klettaborgar.

28 Viðtal við leikskólastjóra.

29 Rýnihópur foreldra.

30 Rýnihópur deildarstjóra.

31 Viðtal við leikskólastjóra.

vorið 2017 kom fram að 96% foreldra voru sammála því að þeir fái góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum og 94% sögðust fá greinargóð svör við spurningum sínum um leikskólastarfið.

Skoðun á heimasíðu leikskólans leiddi í ljós að fréttir eru reglulega settar á síðuna auk þess sem helstu upplýsingar um leikskólastarfið, s.s. starfsáætlun, skólanámskrá, foreldrahandbók, foreldraráð og foreldrafélag, eru aðgengilegar þar. Fréttir um starf á deildum hafa hins vegar ekki verið uppfærðar lengi. Upplýsingar um leikskólann á heimasíðu eru almennt ekki á öðrum tungumálum en íslensku. Foreldrar í rýnihópi sögðust skoða myndir og matseðil á heimasíðu en að öðru leyti treysta á upplýsingagjöf í gegnum föstudagspósta, dagleg samskipti og á upplýsingatöflu.

Viðhorf foreldra

Í fyrrnefndri könnun Reykjavíkurborgar til foreldra og í rýnihópi foreldra kom fram ánægja með leikskólann. Flestir þeir sem tóku þátt í könnuninni svöruðu því jákvætt að leikskólinn hvetti þá til þátttöku í leikskólastarfinu og voru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks. Þetta er í fullu samræmi við það sem fram kom í rýnihópi foreldra en þar sögðust þeir vera hvattir til að taka þátt í foreldrasamstarfinu, að syngja og lesa fyrir börnin heima og lesa þjóðsöguna með barninu sínu.

Í Klettaborg er lögð áhersla á sveigjanleika og að koma til móts við óskir og þarfir foreldra og barna. Í rýnihópi foreldra kom fram ánægja með þetta og nefndu foreldrar að jákvæðni starfsmanna, vilji þeirra til að hlusta á óskir foreldra og leysa það sem upp kæmi væri einn af helstu styrkleikum leikskólans. Í foreldrakönnuninni kom fram að 98% foreldra voru ánægðir með leikskólann og 85% foreldra voru sammála því að leikskólinn taki ábendingar þeirra til greina. Hins vegar var einungis helmingur foreldra sammála þeirri fullyrðingu að leikskólinn leitaði eftir tillögum þeirra og hugmyndum.

Samstarf við grunnskóla

Samstarf er við Hamraskóla um gagnkvæmar heimsóknir elstu barna leikskólans í grunnskólann og yngstu barna grunnskólans í leikskólann yfir veturinn. Gerð er formleg samstarfsáætlun fyrir skólaárið að hausti. Áætlun fyrir samstarf veturinn 2017-2018 gerir ráð fyrir níu heimsóknum elstu barnanna í Klettaborg í grunnskólann til að skoða aðstöðu, taka þátt í samsöng, vali, kennslustundum og frímínútum. Nemendur í fyrsta bekk Hamraskóla koma í heimsókn á Klettaborg að hausti. Nemendur úr eldri bekkjum koma einnig í heimsókn og er fastur liður að fjórði bekkur kemur og les fyrir leikskólabörnin á degi íslenskrar tungu og sjötti bekkur tekur þátt í ferð leikskólans í Gufunesbæ í desember ár hvert. Vikulangur vorskóli er haldinn í Hamraskóla í lok maí fyrir þau börn sem eru skáð í 1. bekk um haustið.

Skipulagt verklag er um skil upplýsinga frá Klettaborg til grunnskóla. Skilafundur er haldinn með fulltrúum leikskólans, grunnskólans og foreldrum þar sem upplýsingum um barnið er miðlað til grunnskólans. Á fundinum fær skólinn niðurstöður úr Hljóm-2 ásamt fleiri upplýsingum um þroska barnsins. Börnin fá einnig tækifæri til að kynna sig þar sem svör þeirra við nokkrum spurningum eru skráð og fær skólinn þau afhent á skilafundinum. Sérkennslustjóri situr skilafundi vegna barna sem hafa notið sérkennslu.

Annað samstarf

Samvinna er við Borgarbókasafnið og kemur koffort safnsins reglulega í leikskólann og börnin fara í sögustundir á safnið. Börnin sækja viðburði Barnamenningarhátíðar og lista- og minjasöfn eru heimsótt. Á meðan á heimsókn matsaðila í Klettaborg stóð fóru tveir hópar barna í heimsókn í Þjóðminjasafnið. Slökkvilið Reykjavíkur kemur í leikskólann með fræðslu um eldvarnir og umferðarskólinn kemur einu sinni á ári með fræðslu til elstu barnanna. Elstu börnunum er einnig á hverju ári boðið á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Kirkjuferð hefur verið árlegur viðburður í aðventu og boðið er upp á ferð á bókasafnið sem valkost á sama tíma til að koma til móts við foreldra sem kjósa að barnið þeirra fari ekki í kirkju. Samstarf er við aðra heilsueflandi leikskóla í Grafarvogi. Stjórnendur leikskóla, grunnskóla og frístundar í Grafarvogi funda reglulega og ræða sameiginleg verkefni. Önnur samstarfsverkefni sem leikskólinn tekur þátt í eru t.d. Barnamenningarhátíð, dagur leikskólans og opið hús í leikskólum í Grafarvogi.

Styrkleikar

- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi og styður vel við leikskólastarfið.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir foreldra.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin með vikulegum póstum og í daglegum samskiptum.
- Foreldrar eru ánægðir með leikskólann, það starf sem þar fer fram og samskipti við stjórnendur og starfsmenn.
- Skipulega er staðið að samstarfi við Hamraskóla um aðlögun barna á milli skólastiga og upplýsingagjöf um þau.
- Vel er staðið að þátttöku foreldra og barna á skilafundi til skóla.

Tækifæri til umbóta

- Áfram ætti að leita leiða til að hvetja foreldra til þátttöku í foreldraráði svo unnt sé að velja fulltrúa með lýðræðislegum hætti.
- Gera fundargerðir foreldraráðs aðgengilegar foreldrum, svo sem á heimasíðu.
- Hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.

Skóli án aðgreiningar

Skólabjónusta og sérkennsla

Í Klettaborg er þroskabjálfi með meistaragráðu í þroskabjálfun í 75% stöðu sem sérkennslustjóri og hefur hann umsjón með sérkennslumálum leikskólans. Leikskólinn vinnur í nánú samstarfi við foreldra og sérfræðinga þjónustumiðstöðvar Miðgarðs við að greina frávik í þroska barna og veita þeim stuðning. Á 6-8 vikna fresti eru haldnir samráðsfundir í leikskólanum með fulltrúum Miðgarðs, deildarstjórum og sérkennslustjóra.³² Á samráðsfundina koma alltaf sérkennsluráðgjafi og sálfræðingur frá Miðgarði og einnig geta þau óskað eftir að talmeinafræðingur og hegðunarráðgjafi sitji fundina þegar þörf er á. Talmeinafræðingur kemur í lotum tvisvar á ári, að hausti og eftir áramót, og er þá í leikskólanum einn dag í viku í sex vikur í senn. Á þessum tíma vinnur hann með börn, gerir málþroskamat, ræðir við foreldra og fræðir starfsfólk. Fram kom í viðtali við sérkennslustjórann að aðgangur að sérfræðiþjónustu er góður, þau geta kallað til sérkennsluráðgjafa og hegðunarráðgjafa þegar á þarf að halda en lengri bið er eftir sálfræðimati fyrir börn þó alltaf sé hægt að hringja í sálfræðing. Sérfræðingar Miðgarðs hafa komið á starfsmannafundi og deildarfundi til að fræða starfsfólk.

Sérkennslustjóri sér um að skipuleggja sérkennslu og stuðning í samráði við leikskólastjóra og deildarstjóra. Á hans verksviði er að fylgjast með ef grunsemdir vakna um þroskafrávik, halda utan um vinnu með börn sem þurfa íhlutun af einhverju tagi, leiðbeina starfsfólki og sjá um samskipti við þjónustumiðstöð. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og að sérkennsla og stuðningur fari sem mest fram inni í barnahópnum á deildum en aðstaða er til einstaklingsvinnu í sérkennsluherbergi þegar þörf er á. Í handbók leikskólans er skráð verklag um hvernig brugðist er við ef grunur vaknar um frávik hjá barni. Leitast er við að fræða starfsfólk sem mest um sérþarfir barna, bæði með fræðslu á starfsmanna- og deildarfundum og einnig fer starfsfólk á námskeið.

Sérkennslustjóri heldur utan um gerð einstaklingsnámskráa fyrir börn sem njóta sérkennslu en að gerð þeirra koma líka deildarstjórar og stuðningsaðilar. Oftast er APES matslistinn notaður við gerð einstaklingsnámskráa og með honum er upplýsingum um barnið aflað frá bæði foreldrum og leikskólanum. Farið er yfir einstaklingsnámskrárnar á fundi með foreldrum þar sem þeir koma með sínar óskir.

³² Viðtal við sérkennslustjóra.

Námskránnar eru endurskoðaðar og uppfærðar reglulega, oftast á þriggja mánaða til hálf árs fresti. Teymi er myndað um börn sem eru með formlega greiningu og eru teymisfundir haldnir reglulega, yfirleitt á um sex vikna fresti. Teymisfundi sitja foreldrar, sérkennslustjóri, sérkennsluráðgjafi, stuðningsaðili viðkomandi barns og deildarstjóri. Stundum eru kallaðir á teymisfundi aðrir sérfræðingar sem sinna barninu, s.s. hegðunarráðgjafi.

Staða sérkennslustjóra í Klettaborg er tiltölulega ný og í viðtölum og rýnihópum kom fram ánægja með að hafa starfandi sérkennslustjóra. Sögðu þau sérkennsluna orðna mun aðgengilegri en áður. Ánægja er með störf sérkennslustjóra, hann er að sögn starfsmanna sýnilegur og auðvelt er að leita til hans. Að mati sérkennslustjóra er aðstaða til sérkennslu í leikskólanum góð og hann er vel búinn náms- og kennslugögnum.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Stutt er við börn með annað móðurmál en íslensku með ýmsum hætti í Klettaborg. Börnin eru með myndaorðabók sem hefur að geyma myndir úr leikskólastarfinu og af ýmsum hlutum í umhverfi barnsins ásamt íslenskum texta. Bókin gengur á milli heimilis og leikskóla og skrifa foreldrar við myndirnar á sínu tungumáli. Leitast er við að setja markvisst orð á athafnir í samskiptum við börn af erlendum uppruna. Þau eru hvött til að koma með bækur eða geisladiska með sögum og söngvum á sínu móðurmáli í leikskólann. Þjóðfánar barnanna eru sýnilegir á hverri deild í leikskólanum og texti hjá sem býður góðan dag á því tungumáli. Þegar verið er að vinna með þjóðsögu er hún send heim á geisladisk til að börnin geti hlustað á hana heima líka. Túlkur er notaður í foreldraviðtölum þegar þörf er á og einnig kemur túlkur á öðrum degi í aðlögun barns svo foreldrar hafi tækifæri til að spyrja og fá nánari upplýsingar. Á foreldrafund síðastliðið haust var fenginn túlkur sem túlkaði fræðsluerindi sem talmeinafræðingur hélt fyrir foreldra. Mannauðurinn og fjölbreytileikinn í starfsmannahópnum er nýttur í þágu barnanna eins og hægt er.³³ Sótt er efni á heimasíðuna *Allir með en enginn eins* á vegum Reykjavíkurborgar þegar á þarf að halda. Spjaldtölvur eru á hverri deild til að auðvelda samskipti við foreldra sem ekki tala íslensku, s.s. með myndum og þýðingarforritum.³⁴

Styrkleikar

- Samstarf og samvinna er við sérfræðinga á þjónustumiðstöð og samráðsfundir eru haldnir reglulega.
- Sérkennslustjóri starfar við leikskólann.
- Farið er eftir ákveðnu verklagi þegar grunur vaknar um frávík barna.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með skilgreindan stuðning.
- Lögð er áhersla á að stuðningur við börn fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Stutt er við börn með annað móðurmál en íslensku með ýmsum hætti.
- Boðið er upp á tulkapjónustu á fundum og í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku.

Tækifæri til umbóta

- Gera skráð verklag um viðbrögð við ef grunur vaknar um frávík hjá barni aðgengilegt á heimasíðu.

³³ Rýnihópur deildarstjóra.

³⁴ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Innra mat leikskólans er kerfisbundið og fyrir liggja matsáætlanir, annars vegar til lengri tíma og hins vegar fyrir veturinn. Matsáætlun til lengri tíma, sem finna má í skólanámskrá, tilgreinir hversu oft ákveðin verkefni í starfinu eru metin en ekki hvaða þættir eru metnir á hverju ári fyrir sig. Matsáætlun fyrir veturinn er samofin umbótaáætlun og sett fram í starfsáætlun eins og leikskólum í Reykjavík er gert að gera. Ekki er fjallað um mat á markmiðum skólans í skólanámskrá eða sérstök viðmið tilgreind.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Í leikskólanum starfar matsteymi sem ber, ásamt leikskólastjóra, ábyrgð á innra mati. Matsteymið er skipað fulltrúum stjórnenda, leikskólakennara og starfsmanna. Fjölbreyttra gagna er aflað í innra mati þar sem leitað er til allra hagsmunahópa eftir því sem við á. Börn hafa þó ekki komið formlega að innra mati en fram kom í viðtölum og rýnihópum að það stendur til.³⁵ Matið er samþætt daglegu starfi á deildum þar sem ýmsir þættir starfsins eru metnir í markvissum umræðum á fundum og hver deild rýnir í niðurstöður og gerir áætlun um umbætur. Niðurstöður úr ytra mati sveitarfélags eru nýttar í innra matið. Í viðtölum og rýnihópum kom fram að þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eiga sér stað samræður á meðal starfsfólks um þróun og umbætur. Foreldraráð kemur að innra mati leikskólans og metur t.d. umbótaáætlun í starfsáætlun.

Opinber birting og umbætur

Greinargerð um innra mat birtist í starfsáætlun og þar koma fram helstu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður matsins. Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf og áætlun um umbætur er sett fram í starfsáætlun. Áætlunin er tímasett og tilgreindir þeir aðilar sem bera eiga ábyrgð á aðgerðum. Áætlunin er borin undir foreldraráð. Samræmi er á milli þeirra umbótapátta sem tilgreindir eru í greinargerð um innra mat og umbótaáætlunar en styrkleikar eru ekki dregnir saman.

Styrkleikar

- Innra mat er kerfisbundið með áætlunum.
- Matið er samofið daglegu skólastarfi.
- Fjölbreyttra gagna er aflað í innra mati.
- Matsteymi starfar við leikskólann.
- Foreldraráð kemur að innra mati.
- Allir starfsmenn eru virkjaðir til þátttöku í innra mati í daglegu starfi og í umræðum um þróun og umbætur.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf og umbótaáætlun sett fram í starfsáætlun.

Tækifæri til umbóta

- Matsáætlun til lengri tíma mætti vera skýrari þannig að ljóst væri hvaða þættir starfsins eru metnir á hverju ári fyrir sig og hvort verið sé að meta alla þætti starfsins.
- Meta markmið skólanámskrár markvisst.
- Tilgeina viðmið um gæði og árangur í innra mati.
- Gefa foreldrum tækifæri til að hafa aðkomu að því að ákveða áherslur í innra mati, t.d. með fulltrúa í matsteymi.
- Hrinda áformum um þátttöku barna í innra mati í framkvæmd.
- Taka saman helstu styrkleika sem fram koma í innra mati í greinargerð um innra mat.

³⁵ Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = **Grænt** – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = **Ljósgrænt** – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = **Gult** – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = **Rautt** – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi Leikskólanum Klettaborg: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Stefna skólans er skýrt sett fram í skólanámskrá.
- Gildin *virðing*, *gleði* og *öryggi* eru mjög sýnileg í leikskólanum og í starfinu.
- Vel hefur tekist að halda í fagmenntað starfsfólk.
- Mikill samtakamáttur um að gera það besta úr þeim aðstæðum sem eru fyrir hendi.
- Styrk stjórnun og gott skipulag.
- Starfsmenn og foreldrar koma að gerð skólanámskrár og starfsáætlunar.
- Starfsmenn þekkja stefnu skólans og mikill samhljómur var um hana í viðtölum og rýnihópum.
- Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn er virk og henni fylgt eftir svo til fyrirmyndar er.
- Handbók starfsmanna er til fyrirmyndar.
- Upplýsingaflæði innan leikskólans er mjög gott.
- Starfslokasamtöl eru tekin við þá sem hætta í starfi þar sem dregnir eru fram styrkleikar og tækifæri til umbóta.
- Reglulegir samráðsfundir leikskólastjóra og hvers deildarstjóra.
- Starfsmönnum er hrósað fyrir vel unnin störf.
- Starfsandi er mjög góður og mikill samhljómur um að gleði og virðing sé ríkjandi.
- Umhverfi leikskólans er nýtt til útináms á eldri deildum.
- Efniviður er áhugaverður og aðgengilegur fyrir börnin.
- Dagskipulag er endurskoðað reglulega miðað við þroska og þarfir barna.
- Frjálsum leik gefið gott rými í samræmi við áherslur leikskólans.
- Virðing, uppbyggjandi samskipti og væntumþykja einkenna samskipti starfsfólks við börnin.
- Til fyrirmyndar er hvernig unnið er með áhersluþætti í samskiptum við börnin og skráningar í tengslum við það.
- Viðfangsefnin sem börnin höfðu val um voru fjölbreytileg og höfðuðu til margra áhugasviða.
- Valkerfi styrkir sjálfstæði barna og lýðræðislega þátttöku.
- Börnin voru hvött til að tjá sig og deila hugmyndum sínum.
- Ritmál er sýnilegt í umhverfinu og unnið er með læsi á markvissan og fjölbreytilegan hátt.
- Til fyrirmyndar er hvernig unnið er með þjóðsögur og þulur.

- Börnin eru glöð og áhugasöm, þau eru örugg og finnst gaman í leikskólanum.
- Áhersla er á að taka vel á móti börnum og kveðja í lok dags.
- Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barnanna.
- Einstaklingsnámskrár eru unnar fyrir öll börn í leikskólanum í samvinnu við foreldra og endurmetnar í foreldraviðtölum.
- Gerð er ferilmappa með skráningum, myndum og námssögum sem fylgir barninu út leikskólagönguna.
- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi og styður vel við leikskólastarfið.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir foreldra.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin með vikulegum póstum og í daglegum samskiptum.
- Foreldrar eru ánægðir með leikskólann, það starf sem þar fer fram og samskipti við stjórnendur og starfsmenn.
- Skipulega er staðið að samstarfi við Hamraskóla um aðlögun barna á milli skólastiga og upplýsingagjöf um þau.
- Vel er staðið að þátttöku foreldra og barna á skilafundi til skóla.
- Samstarf og samvinna er við sérfræðinga á þjónustumiðstöð og samráðsfundir eru haldnir reglulega.
- Sérkennslustjóri starfar við leikskólann.
- Farið er eftir ákveðnu verklagi þegar grunur vaknar um frávík barna.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með skilgreindan stuðning.
- Lögð er áhersla á að stuðningur við börn fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Stutt er við börn með annað móðurmál en íslensku með ýmsum hætti.
- Boðið er upp á túlkaþjónustu á fundum og í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku.
- Innra mat er kerfisbundið með áætlunum.
- Matið er samofið daglegu skólastarfi.
- Fjölbreyttra gagna er aflað í innra mati.
- Matsteymi starfar við leikskólann.
- Foreldraráð kemur að innra mati.
- Allir starfsmenn eru virkjaðir til þátttöku í innra mati í daglegu starfi og í umræðum um þróun og umbætur.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf og umbótaáætlun sett fram í starfsáætlun.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Huga að aðstöðu fyrir börn til að vera í ró og næði.
- Huga þarf að endurbótum og viðhaldi á húsi og lóð.
- Leita áfram leiða til að bæta vinnuaðstæður barna og starfsmanna.
- Skoða hvort ástæða sé til að fækka börnum.
- Í skólanámskrá má gera betur grein fyrir skipulagi sérfræðipjónustu, hvernig unnið er með hæfnipætti í samræmi við aldur og þroska barna og tilgreina hvað upplýsingar fylgja barni þegar það flyst á milli leik- og grunnskóla.
- Vinna áfallaáætlun og setja saman áfallateymi.
- Skrá viðbrögð við ágreiningi í starfsmannahópnum.
- Setja fram símenntunaráætlun í samræmi við stefnu og þarfir leikskólans.
- Stjórnendur hugi að því að fylgjast markvisst með námi og starfi í leikskólanum í þeim tilgangi að gefa starfsfólki endurgjöf.
- Takmarkað svigrúm er innandyrta til að mæta hreyfipörf barna í leik.
- Vinna að því að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag og verkefnaval.
- Auka búnað og tæki til vísindastarfa og gera vísindum hærra undir höfði í starfi leikskólans.
- Vinna áfram að því að gera reglur myndrænar á öllum deildum og huga að því að börnin séu þátttakendur í að móta reglur leikskólans þegar við á.
- Gefa börnunum tækifæri á að setja sér markmið í einstaklingsáætlun.
- Áfram ætti að leita leiða til að hvetja foreldra til þátttöku í foreldraráði svo unnt sé að velja fulltrúa með lýðræðislegum hætti.
- Gera fundargerðir foreldraráðs aðgengilegar foreldrum, svo sem á heimasíðu.
- Hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.
- Gera skráð verklag um viðbrögð við ef grunur vaknar um frávík hjá barni aðgengilegt á heimasíðu.
- Matsáætlun til lengri tíma mætti vera skýrari þannig að ljóst væri hvaða þættir starfsins eru metnir á hverju ári fyrir sig og hvort verið sé að meta alla þætti starfsins.
- Meta markmið skólanámskrár markvisst.
- Tilgeina viðmið um gæði og árangur í innra mati.
- Gefa foreldrum tækifæri til að hafa aðkomu að því að ákveða áherslur í innra mati, t.d. með fulltrúa í matsteymi.
- Hrinda áformum um þátttöku barna í innra mati í framkvæmd.
- Taka saman helstu styrkleika sem fram koma í innra mati í greinargerð um innra mat.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum Klettaborg leiðir í ljós að þar fer fram gott leikskólastarf. Gildi leikskólans, *virðing, gleði og öryggi*, birtast vel í starfinu og frjálsum leik er gefið gott rými í samræmi við hugmyndafræði leikskólans. Stjórnendur leiða faglegt starf, vinna að því að skapa góðan leikskólabrag og eru sýnilegir í leikskólanum. Skipulag starfsins og starfsmannastjórnun er góð og leiðbeiningar fyrir starfsmenn eru til fyrirmyndar. Starfsandi er mjög góður, gleði og virðing ríkir og starfsfólki er hrósað fyrir vel unnin störf. Virðing og uppbyggjandi samskipti einkenna samskipti starfsfólks við börnin og markviss vinna í starfsmannahópnum til að stuðla að góðum samskiptum við þau er til fyrirmyndar. Skipulega er unnið að mati á þroska og framförum barnanna. Börnunum líður vel og foreldrar eru ánægðir með leikskólann og samskipti við stjórnendur og starfsfólk. Þeir eru einnig afar ánægðir með upplýsingagjöf frá leikskólanum um starfið og börnin. Áfram þarf að leita leiða til að bæta vinnuaðstæður barna og starfsmanna og fá fleiri leikskólakennara til starfa. Einnig ætti að vinna að því að auka áhrif barnanna á skipulag starfsins og þátttöku þeirra í ákvörðunum. Þá má auka búnað og tæki til vísindastarfa og gera vísindum hærra undir höfði. Innra mat er kerfisbundið, samofið daglegu leikskólastarfi og fjölbreyttra gagna er aflað en meta þarf markmið skólanámskrár markvisst og tilgreina viðmið um gæði og árangur.

Heimildir

Leikskólinn Klettaborg. Foreldrahandbók. Sótt á vef í febrúar 2018.

Slóðin er: http://klettaborg.is/images/foreldrahandbok_j%C3%BA%C3%AD_16_.pdf

Leikskólinn Klettaborg. Handbók leikskólans.

Leikskólinn Klettaborg. Læsisáætlun.

Leikskólinn Klettaborg: Skólanámskrá. Sótt á vef í febrúar 2018.

Slóðin er: http://klettaborg.is/images/namskra_kletta.compressed.pdf

Leikskólinn Klettaborg. Starfsáætlun 2017-2018. Sótt á vef í febrúar 2018.

Slóðin er: http://klettaborg.is/images/Starfs%C3%A1%C3%A6tlun_2017-2018.pdf

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011) Aðalnámskrá leikskóla.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2017). Viðhorf foreldra til leikskólans.

Leikskólinn Klettaborg. Sótt á vef í mars 2018.

Slóðin er: http://klettaborg.is/images/K%C3%B6nnun_for_ma%C3%AD_17.pdf

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs

Reykjavíkurborgar 2017. Sótt á vef í mars 2018. Slóðin er:

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/starfsaaetlun_sfs_2017_m_fskj._26.4.pdf

Viðtöl:

Símtal við skrifstofustjóra leikskólahluta fagskrifstofu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp leikskólakennara.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Viðtal við sérkennslustjóra.

